

## Alþjóðageðheilbrigðisdagsins var minnst á Alþingi í gær

# Hugmyndir um eflingu BUGL eru til skoðunar

JÓN Kristjánsson heilbrigðisráðherra upplýsti á Alþingi í gær að til skoðunar hefðu verið í ráðuneytinu hugmyndir um frekari uppbyggingu barna- og unglíngageðdeildar Landspítalans (BUGL) við Dalbraut í Reykjavík. Auk þess sem hugmyndir væru um að efla göngudeildarúr-ræði, fyrir börn og unglínga, framhaldsmeðferð og eftirfylgni. „Þá vil ég einnig vinna að eflingu slíkrar þjónustu á landsbyggðinni,“ sagði Jón Kristjánsson.

Ásta R. Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, vakti máls á geðheilbrigðismálum í upphafi þingfundar í gær, en þá var alþjóðageðheilbrigðisdagurinn, sem haldinn var undir kjörorðunum: „Áhrif áfalla og ofbeldis á börn og unglínga“.

Ásta sagði að víða væri unnið mjög gott starf á sviði geðheilbrigðismála. Þrátt fyrir það mætti ýmislegt betur fara. „Til dæmis bíða 60 til 70 börn eftir þjónustu á barna- og unglíngageðdeild og alvarlegar upplýsingar undanfarna daga um sálarangist og geðheilsu fjölda barna sem þola einelti kalla á stórauðna geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu fyrir börn.“ Ásta benti á að geðsjúkdómur væri meðal algengustu sjúkdóma á Íslandi og að nærri mætti geta að fjórði hver Íslendingur greindist með geðraskanir einhvern tíma á lífsleiðinni. „Löng bið er eftir meðferð og endurhæfingu geðsjúkra og nokkurra mánaða bið er eftir tíma hjá geðlæknum samkvæmt upplýsingum frá Geðhjálpi. Heimilislausir alvarlegir geðsjúkir á höfuðborgarsvæðinu fylla nokkra tugi og þá vantar tilfinnanlega þjón-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Alþingismennirnir Jóhann Ársælsón, Drífa Hjartardóttir, Árni Steinar Jóhannsson og Sigríður Ingvarsdóttir fylgjast með umræðum í þingsal.

ustu.“ Ásta sagði ennfremur að lítil tengsl heilbrigðisþjónustunnar við fangelsin væru áhyggjuefni. „Fangar með geðræn vandamál og fíkniefnavanda fá ekki þjónustu og dæmi eru um að geðsjúkir séu settir í fangelsi fyrri að stela mat fyrir smápeninga.“

### Umræðan opnari en áður

Jón Kristjánsson sagði m.a. að því bæri að fagna að umræður um geðheilbrigðismál væru nú miklu opnari en áður. „Og það er almennt ekki talin skömm að því að leita sér meðferðar ef veikindi ber að höndum,“ sagði hann. Ráðherra ítrekaði að hann hefði í starfi sínu lagt áherslu á að efla þjónustu við geðsjúka, ekki hvað síst börn og unglínga í þeim hópi. „Óflugasta þjónustan við þann hóp er á barna- og unglíngageðdeild Landspítalans. Þar komu 1.704 ein-

staklingar á göngudeild frá janúar til ágúst 2001 en á sama tímabili á þessu ári hafa 1.746 börn og unglíngar fengið þjónustu á göngudeildinni. Sömu sögu er að segja af dagdeildarþjónustunni. Þar fjölgaði þjónustuþegum úr 789 í janúar til ágúst 2001 í 1.143 á sama tímabili í ár. Þessi árangur hefur náðst með endurskipulagningu starfseminnar.“ Ráðherra bætti því þó við að þótt margt hefði áunnist í málefnum barna og unglínga á þessu sviði væru verkefni enn næg.

### Þjónusta í fangelsum eflid

Fleiri þingmenn kvöddu sér hljóðs í þessari umræðu, sem fram fór undir liðnum: athugasemdir um störf þingsins. Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði m.a. að búa þyrfti geðfötl-

uðum sem bestan aðbúnað í þjóðfélaginu og Þuríður Backman, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, vakti athygli á því að sífellt fleiri börn greindust með ofvirkni. Á þeim málum þyrfti að taka innan heilbrigðiskerfisins.

Guðjón A. Kristjánsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, sagði að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu bitnaði oft mjög illa á þeim sem þjáðust af langvinnum geðrænum sjúkdómum og Ásta Möller, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að ríkisstjórnin hefði á undanförmum árum lagt áherslu á að bæta aðbúnað geðfatlaðra en margt væri enn ógert. Þá minnti Þórunn Sveinhjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, m.a. á að öflug fræðsla um geðsjúkdóma stuðlaði að minni forðómum. Ásta R. Jóhannesdóttir, sagði svo m.a. að síðustu að aðstandendur geðsjúkra væru mjög oft afskiptir, því þyrfti að sinna betur félagslega þættinum í þessu máli.

Jón Kristjánsson, tók að lokum aftur til máls í þessari umræðu og sagði m.a. að það þyrfti að efla þjónustu í fangelsum fyrir geðsjúka og koma á sérstakri lokaðri meðferðardeild. „Ég hef undanfarið, varðandi þau alvarlegu mál sem upp hafa komið, rætt við fjölda sérfræðinga og leikmanna um stöðu mála og þær leiðir sem færar eru til að auka þjónustu við alvarlega geðsjúka einstaklinga. Það þyrfti að efla þjónustu í fangelsum og koma upp sérstakri lokaðri meðferðardeild og síðan að efla þjónustu við þá sem eru úti í samfélaginu með sérhæfðum starfskröftum til að sinna þeim málum.“